

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af bæjarstjórn Vestmannaeyja 17. desember 1992, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 15. janúar 1993.

Eiður Guðnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. stöðubann á Kirkjuteig við Laugarnesskóla frá kl. 08:00 til 16:00,
2. stöðubann á Logafold,
3. stöðvunarskylda á Framnesveg við Vesturgötu.

Ákvörun þessi tekur gildi 20. janúar 1993.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 7. janúar 1993.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um lista yfir þá forstöðumenn stofnana og staðgengla þeirra, sem óheimilt er að gera verkfall, skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. lög nr. 90/1986 og lög nr. 45/1991 um breyting á þeim, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Stofnun:

Forsætisráðuneyti.

Þjóðhagsstofnun

Menntamálaráðuneyti.

Háskóli Íslands

Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Kennaraháskóli Íslands

Rannsóknaráð ríkisins

Mennta-, fjölbrauta-, verkmennta-
og aðrir framhaldsskólar

Staða:

Forstjóri

Aðstoðarforstjóri

Háskólaritari

Forstöðumaður

Aðstoðarrekter

Framkvæmdastjóri

Rektorar, skólameistarar, skólastjórar

(til starfa annarra en kennslu)

Aðstoðarskólameistarar, yfirkennarar

(til starfa annarra en kennslu)